

# STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 2001

24. apríl 2001

739

Nr. 334

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988 - 2008, hafnarsvæði, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988 - 2008 frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar iðnaðar- og hafnarsvæði sem er stækkað til austurs með fyllingu í sjó og nýjum viðlegukanti. Verslunar- og þjónustusvæði sem áður var tvískipt er sameinað í eitt svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.*

Siv Friðleifsdóttir.

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

24. apríl 2001

Nr. 335

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, leikskólalóð sunnan Borgarheiðar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felur í sér eftirtaldar landnotkunarbreytingar:

Íbúðarsvæði norðan hússins Hraunbæjar, sunnan Borgarheiðar, breytist í stofnanasvæði (S5 dagheimili/leikskóla).

Par breytist einnig lega opins útvistarsvæðis Ú13 (leikvellir/hverfisvellir).

Lítill hluti svæðis suðaustan Hraunbæjar sem í dag er ylræktarsvæði verður að íbúðarsvæði.

Svæði vestan Dynskóga sem áður bar merkinguna S5 (dagheimili/leikskóli) verður að ósérmerktu stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.*

Siv Friðleifsdóttir.

*Sigríður Auður Arnardóttir.*